



Deiliskipulag Reykjanesvita og nágrennis, Reykjanesbæ Greinargerð – TILLAGA

Október 2015

Þekkingarleit *-ar kvf*

1 að afla sér kunnáttu, það að

vilja vita e-ð, efla skilning á e-u

að fylla á viskubrunninn

þekkingarþorsti, þekkingarþrá

fróðleiksást, fróðleiksfýsn, námfýsi

árangur *árangurs, (árangrar) kvk 1* ávöxtur,

niðurstaða, það sem leiðir af einhverju > haf

(bera, gefa) góðan árangur • afrek > árangur

þróttun 2 / árferði **virðing** *-ar, -ar kvk 1* mat, það

á að meta til verðs **2** álit, heiður • það að virða > *njót*

virðingar / *sýna e-m virðingu* / *bera virðingu fyrir e-u eð*

e-m for|skot *HK 1* frestur **2** forhlaup, sá munur sem keppandi

þelur fram yfir keppinauta sína þegar hann fær t.d. að byrja fyr

skot / *skot* eð komast fram úr þeim > *100 metrum* / *forhlaup*



Nr. útg.	3.11.2015	FBE	SGT	Samþykkt
----------	-----------	-----	-----	----------

1



Efnisyfirlit

1	Lýsing skipulagsverkefnis	4
1.1	Skipulagssvæðið	4
1.2	Skipulagsgögn	4
2	Forsendur	4
2.1	Stefna aðalskipulags	4
2.2	Uppbygging ferðaþjónustu	5
3	Landgreining	5
4	Landnýting	8
4.1	Eignarhald á skipulagssvæði	8
4.2	Á skipulagssvæðinu í dag er:	8
4.3	Náttúruminjaskrá	8
4.4	Þjóðminjavernd	8
4.5	Hverfisvernd	9
4.6	Menningarminjar	9
5	Skilmálar deiliskipulags	11
5.1	Þjónustusvæði	11
5.2	Byggingar	11
5.3	Frágangur lóða	12
5.4	Tjaldsvæði	12
5.5	Samgöngur	12
5.5.1	<i>Gatnakerfi</i>	12
5.5.2	<i>Aðkomuvegur að vita</i>	12
5.5.3	<i>Reiðleiðir</i>	12
5.5.4	<i>Hjólaleiðir</i>	12
5.5.5	<i>Gönguleiðir</i>	12
5.6	Bílastæði	13
5.7	Skilti	13
5.8	Veitur	13
5.8.1	<i>Vatn</i>	13
5.8.2	<i>Rafmagn</i>	13
5.8.3	<i>Fráveita</i>	13
5.8.4	<i>Sorpgeymslur og sorpgámar</i>	13
6	Kvaðir og verndaraðgerðir	14
6.1	Hverfisverndarsvæði (takmarkanir á landnotkun)	14
6.2	Reykjanesviti og nágrenni	14
6.3	Verndarsvæði fornminja	14
6.4	Nálægð við atvinnurekstur	14



1 Lýsing skipulagsverkefnis

1.1 Skipulagssvæðið

Skipulagssvæðið tekur til hluta Reykjanes, næsta nágrenni Reykjanesvítans í austur að sveitarfélagsmörkum Grindavíkur og í vestur út í hraunin. Skipulagssvæðið er um 50 ha að stærð og er í Reykjanesbæ. Samkvæmt Aðalskipulagi Reykjanesbæjar 2008-2024 er skipulagssvæðið skilgreint sem svæði til sérstakra nota og óbyggt svæði.

1.2 Skipulagsgögn


Deiliskipulagið er sett fram í greinargerð með skýringaruppdráttum og á skipulagsuppdrætti. Umhverfisskýrsla á grundvelli 6. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 106/2005 er sett fram sem hluti af greinargerðinni.

2 Forsendur

2.1 Stefna aðalskipulags

Samkvæmt Aðalskipulagi Reykjanesbæjar 2008-2024 er gert ráð fyrir uppbyggingu þjónustusvæðis í nágrenni við Reykjanesvita og Valahnúk. Svæðið sem tekur til Reykjanesvita er skilgreint sem svæði til sérstakra nota en stærstur hluti deiliskipulagsvæðis er skilgreint sem óbyggt svæði. Hverfisvernd er skilgreind á hluta skipulagssvæðisins, en hún nær til strandlengjunnar.

Í aðalskipulaginu er gert ráð fyrir tjaldstæði (Z) og aðstöðu til stjórnskoðunar (E) innan skipulagssvæðisins.



Mynd 2.1 Sveitarfélagsuppdráttur aðalskipulags Reykjanesbæjar 2008-2024 af fyrirhuguðu deiliskipulagssvæði



2.2 Uppbygging ferðapjónustu

Reykjanesviti og nágrenni hefur mikið aðdráttarafl. Með skipulagðri og markvissri uppbyggingu getur svæðið tekið við fjölda heimsóknna á dag. Með þessu deiliskipulagi er stuðlað að því að Reykjanesviti og nágrenni verði miðstöð ferðamannastaða á Reykjanesi.

Reykjanes Geopark er framkvæmda- og ábyrgðaraðili á svæðinu fyrir hönd Reykjanesbæjar. Stefnt er að því að Reykjanes Geopark verði lyftistöng fyrir svæði á sviðum ferðamála, framleiðslu og fræðslu. Má þar nefna að áhersla er lögð á nýsköpun og sjálfbæra þróun heima í héraði. Þá styrkist samkeppnishæfni svæðisins með auknu markaðsstarfi, betra aðgengi og öryggi að náttúruperlum, þróun fræðsluefnis, lengingu ferðamannatímans, betra aðgengi að erlendum styrktarsjóðum og aðild að alþjóðlegu neti jarðvanga.

2.3 Markmið deiliskipulags

Markmið með gerð deiliskipulags fyrir Reykjanesvita og nágrenni er að tryggð verði gott aðgengi og að komið verði fyrir móttöku og miðstöð ferðamennsku á svæðinu.

Deiliskipulag Reykjanesvita og nágrennis fellur að markmiðum um betra og öruggara aðgengi að náttúruperlum og lengja ferðamannatímann á Suðurnesjum

Leiðir að markmiðinu eru:

- Skipuleggja og merkja gönguleiðir og setja upp fræðsluskilti.
- Skipuleggja bílastæði og aðkomuleiðir.
- Skoða kosti þess að byggja upp reiðveg suður að Reykjanesvita frá Höfnum og Sólbrekku.
- Afmarka staðsetningu og fyrirkomulag þjónustubyggingar, sem geti m.a. hýst aðstöðu fyrir stjörnuskoðun.
- Vinna skilmála fyrir verndarsvæði innan náttúruminjaskrá (nr. 106).
- Vinna skilmála fyrir þjóðminjaverndarsvæðisins við Reykjanesvita sem tekur til umhverfi vitans í 100 m radíus út frá vita og göngustíg.
- Tryggja nauðsynlega innviði s.s. vatn, rafveitu og fráveitu.

3 Landgreining

Skipulagssvæðið hefur verið flokkað í nokkrar skipulagsheildir út frá einkennum. Horft er til einkenna sem gefa svæðinu útlit eða ásýnd svo sem jarðfræði, gróðurfar, landnotkun og búsetuminjar.


Skipulagssvæðið er greint eða flokkað í hluta sem kallaðir hafa verið: Ströndin, hraunin, tún og tjarnir, vitavarðarhúsin. Með þessari flokkun er hægt að nálgast sérkenni svæðisins og vinna að ákvörðun um landnotkun.

3.1 Ströndin

Lýsing: Landslag er nokkuð slétt og einsleitt að þverhnýptum hamravegg. Stórbrotið sjávarberg frammi fyrir ógnarkrafti náttúrunnar. Útsýni er margbrotið með móbergsdranga Karl og Eldey út við sjónarrönd. Sjónarspil í birtu og ölduróti. Við strönd Reykjanes hafa orðið mörg og mikil sjóslys. Gönguleið er meðfram bjargbrúninni og upp á Valahnjúk. Við bjargbrúnina er staðsett listaverk af Geirfugli eftir Todd McGrain.

Landnotkun: Áningastaður ferðamanna, fuglaskoðun og gönguleiðir. Bjargið er ekki nytjað til hefðbundinna nytja.

Upplifun: Ströndin er eftirsóknarverð vegna útsýnis. Hún einkennist af fuglalífi og brimi. Saga sjóslysa og vitauppbyggingar.



Mynd 3.1 Landslagsheildir innan skipulagssvæðis

3.2 Hraunin

Lýsing: Svæðið einkennist af svörtu sandbornu hrauni sem er úfið og laust undir fæti. Upp úr hrauninu standa móbergshnúkar. Hraunið er víðast óraskað og í vestri standa upp Stamparnir, sem eru hluti gígaráða.

Fuglalíf er helst mófugl s.s. steindepla, snjótittlingur, maríuerla með stöku kjóa á sveimi. Hraunið er lítið gróið. Helst er að finna ýmsan bersvæðisgróður s.s. lambgras, geldingahnappur og blóðberg.

Landnotkun: Land er opið og óbyggð, í útjaðri svæðisins er Reykjanesvirkjun. Hraunið hefur verið raskað vegna vegagerðar og bílastæða fram við bjargbrúnina.

Upplifun: Hraunið er villugarnt þótt það sé sléttlent, sérstakt en um leið kannski ógnvekjandi.

3.3 Tún og tjarnir

Lýsing: Landslag einkennist af grónu hrauni með gras og mýrlendi næst tjörninni. Krían er áberandi og verpir í kantinum næst aðkomuvegi. Hlaðin laug er við tjörnina þar má finna volgrur og var laugin nýtt til sundkennslu. Víða eru rústir og tóftir eftir búsetu á svæðinu. Víkin austan við Valahnúk (Valahnúkamöl) er sérstök og er þar að finna einstaklega fallett sjávarbarið stórgrýti. Svæðið er afgirt og lokað frá almennri umferð.

Landnotkun: Afgirt og gróið landbúnaðarland sem afmarkast af hraunkantinum að austanverðu. Svæðið er nýtt til hrossabeitar.

Upplifun: Rústir og laug eru spennandi, greiðfært og gott gönguland. Aðgengi ágætt að sjónum.


3.4 Reykjanesviti og vitavarðarhúsin

Lýsing: Svæðið er hlaðið sögu. Reykjanesviti var friðaður af menntamálaráðherra árið 2003. Friðunin nær einnig til umhverfis vitans og göngustígs með þrepum frá

vitavarðarhúsinu. Vitavarðarhúsið og smiðja sitja vel í landi. Tröppur og stígar liggja að vitanum og að Valabóli (gamla vitanum). Öll mannvirki eru í takti og stærðarhlutföllum við umhverfi og landslag svæðisins. Vitinn er kennileiti fyrir svæðið. Út frá íbúðarhúsi og bílastæði opnast útsýni út á móti hafi. Aðkomuvegur að vitanum er brattur og illa farinn.

Landnotkun: Íbúðarhús er í einkaeigu og vitinn í rekstri Vegagerðar.

Upplifun: Litlar eða engar upplýsingar er að finna um húsnæði, þjónustu og opnar gönguleiðir um svæðið.



4 Landnýting


4.1 Eignarhald á skipulagssvæði

Reykjanessviti er á jarðarmörkum Reykjanessjarðar. Samningur milli landeigenda jarðanna Kalmanstjarnar og Junkagerðis, og Reykjanessbæjar á 32,8 ha landi til afnota og uppbyggingar áningastaðar, var undirritaður 1. júlí 2015.

4.2 Á skipulagssvæðinu í dag er:

- ▶ Reykjanessviti sem stendur á Bæjarfelli. Vitinn er 20 m hár og stendur á Bæjarfelli.
- ▶ Íbúðarhús (vitavarðarhús) og lóð.
- ▶ Smiðja við vitavarðarhús, vinnuhúsnæði í umsjá Vegagerðar.
- ▶ Vegur (nr. 443) að Reykjanessvita sem liggur út á bergið við Kirkjuvogsbás
- ▶ Geirfuglinn, listaverk Todd McGrain sem er hluti listaverks sem heitir Lost bird project og eru sett upp víða um heim. Geirfuglinn er í eigu Listasafns Reykjanessbæjar.
- ▶ Gönguleiðir liggja víða um svæðið í dag.

Engin skipulögð bílastæði eru til staðar.



Mynd 2.2 Viðfangsefni deiliskipulags

4.3 Náttúruminjaskrá

Skipulagssvæðið er á náttúruminjaskrá og er hluti svæðis nr. 106, Reykjanes, Eldvörp og Hafnaberg, Grindavík, Reykjanessbæ. Strandlína, Bæjarfell, Valahnúkur auk gígaraðanna í Stampahrauni ásamt fjölda gjáa, sprungna og hrauntjarna. Á svæðinu er allmikið hverasvæði, fjölskrúðugur jarðhitagróður, sérstæð volg sjávertjörn. Hafnaberg er lágt fuglabjarg með fjölmörgum tegundum bjargfugla. Aðgengilegur staður til fuglaskoðunar.

4.4 Þjóðminjavernd


Reykjanessviti er friðaður af menntamálaráðherra 1. desember 2003 samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga um húsafriðun, nr. 104/2001. Friðunin tekur til ytra og innra borðs vitans, ljóshúss og viðbygginga. Þar með eru talin linsa, linsuborð og lampi, hurðir, gluggar, stigi og

handrið. Friðunin nær einnig til umhverfis vitans í 100 m radíus út frá vitanum og göngustígs með þrepum frá fyrrum vitavarðarhúsi undir Bæjarfelli.

Reykjanesviti er byggður árið 1908 úr tilhöggnu grjóti og innri byrði úr steinsteypu.

4.5 Hverfisvernd

Í skilmálum hverfisverndar aðalskipulags er gert ráð fyrir að næsta nágrenni strandlengju verði ekki raskað með vegagerð, línulögnum eða annarri mannvirkjagerð nema með heimild bæjarstjórnar. Almennt er ekki gert ráð fyrir mannvirkjum á hverfisverndarsvæðum á Reykjanesi.



Mynd 4.1 Menningarminjar og hverfisvernd. Skýringaruppdráttur úr aðalskipulagi

4.6 Menningarminjar

Allar fornleifar eru friðaðar samkvæmt lögum nr. 80/2012 um menningarminjar. Í landi Reykjaness eru engar friðlýstar fornminjar en í aðalskráningu í tengslum við gerð aðalskipulags voru 32 fornleifar skráðar (sjá töflu yfir skráðar fornminjar í landi Reykjaness).

Staðsetning fornleifanna hefur verið færð inn á loftmynd og er hluti skipulagsuppdráttar. Í tengslum við deiliskipulagsvinnu verður unnin deiliskráning fyrir minjar innan skipulagssvæðis. (Við framkvæmdir þarf að leita nákvæmrar staðsetningar og hnita)

Tafla: Aðalskráning fornleifa í landi Reykjaness

Skráningarnr.	Tegund minja	Varðveislugildi	Aldur
52 1-32	Býli	7	1550-1900
52 1	túngarður	2,5	1550-1900
52 2	rúst	3	1900
52 3	gerði	2	1550-1900
52 4	gerði	2	1900
52 5	Fornleið	5	1550-1900
52 6	gerði	2	1900
52 7	rúst	3	1900
52 8	Rústir Reykjanessvita 1878	7	1550-1900



52 9	Grunnur gamla vitans	7,5	1550-1900
52 10	gerði	4	1550-1900
52 11	garður	2,5	1550-1900
52 12	garður	2,5	1550-1900
52 13	Gerði	2	1550-1900
52 14	Rúst (100 m VSV við Sundlaug)	5,5	1550-1900
52 15	Rúst	6	1550-1900
52 16	Rúst í túni við Bæjarfell	6	1550-1900
52 17	Garður	2,5	1550-1900
52 18	Gerði	2	1550-1900
52 19	garður	2,5	1550-1900
52 20	garður	2,5	1550-1900
52 21	Rúst	6	1550-1900
52 22	brunnur	8,5	1550-1900
52 23	garður	3	1550-1900
52 24	garður	2,5	1550-1900
52 25	grjóthrúga	2	1900
52 26	garður	2,5	1550-1900
52 27	sundlaug	7,5	1900
52 28	Hellir/þjóðtrú	5	1550-1900
52 29	vegur	2,5	1900
52 30	gerði	2	1900
52 31	Rúst/brunnur	7,5	1550-1900
52 32	Rúst/ Hróf	2	1900

5 Skilmálar deiliskipulags

5.1 Þjónustusvæði

Gert er ráð fyrir aðkomusvæði með góðri upplýsingagjöf um svæðið, bílastæðum og nauðsynlegri þjónustu. Gert er ráð fyrir þjónustubyggingum þar sem komið verði fyrir veitinga- og söluaðstöðu og salernishúsi. Í þjónustubyggingu verði möguleiki á aðstöðu til stjórnskoðunar.

Við staðarval fyrir byggingar hefur verið leitast við að finna staðsetningu sem liggur vel í landi og er með góða tengingu við aðkomuveg.

Gert er ráð fyrir að staðsetja þjónustubyggingu vestan við Bæjarfell með göngutenginum að helstu skoðunarstöðum. Jafnframt er gert ráð fyrir að tengja gönguleiðir út frá þjónustubyggingu við lengri gönguleiðir svo sem að Gunnhver og við 100 gíga leiðina.

Á gönguleiðum er gert ráð fyrir aðstöðu á nokkrum lykilstöðum.

5.2 Byggingar

Gerð er krafa um snyrtilegan frágang í kringum byggingar. Byggingarreitir eru auðkenndir með brotalínu á skipulagsupprætti. Allir meginhlutar húss/húsa skulu standa innan byggingarreits.

- ▶ Á skipulagsupprætti er sýndur byggingarreitur á lóð og skal bygging vera innan hans.
- ▶ Mannvirki skal fella vel að landslagi og ásynd svæðis og huga að byggingarefnum.
- ▶ Byggingar skulu þannig útfærðar að þar sé aðgengi gott og hönnun mannvirkja og alrýma opið og án hindrana.
- ▶ Gert er ráð fyrir að bygging verði á einni hæð, hluti byggingar geti verið niðurgrafinn og þannig að nýta megi þak og vegg sem útsvæði. Mesta leyfilega mænishæð frá gólfi er 6 m en þó er leyfilegt að einstaka byggingarhlutar rísi hærra.
- ▶ Heildarbyggingarmagn þjónustubyggingar verður allt að 400 m².
- ▶ Heimilt er að reisa þjónustu- og salernisbyggingu í sér húsi sem tengist tjaldaðstöðu. Samræma skal útlit bygginga og skal allur frágangur vera sem vandaðstur.
- ▶ Heildarstærð salernishúss skal ekki umfram 30 m². Salernishús skal vera á einni hæð og hámarkshæð ekki meiri en 3,5 m.
- ▶ Gert er ráð fyrir að a.m.k. eitt salerni sé þannig útfært að aðkoma sé hindrunarlaus og hönnuð sérstaklega með þarfir hreyfihamlaðra í huga.
- ▶ Gert er ráð fyrir að byggingar- og þjónustusvæði geti byggst í áföngum.
- ▶ Ekki er gert ráð fyrir hótelpþbyggingu innan skipulagssvæðisins.



Mynd 5.1 Þjónustuhús. Aðkoms samkvæmt tillögu Basalt arkitekta



Mynd 5.2 Þjónustuhús. Ásynd samkvæmt tillögu Basalt arkitekta



5.3 Frágangur lóða

Með aðaluppdráttum skal sýna frágang lóðar, landmótun, skjólveggi, girðingar, gróður og hraunmyndanir.

Lóðarfrágangur á svæðinu skal taka mið af sérstöðu í náttúrufari. Áður en byggingarframkvæmdir hefjast skal girða af ákveðnar hraunmyndanir og ekki skal jafna út hraun eða skerða að óþörfu. Hæðarmismun skal taka upp með stoðvegg, hleðslu. Ef notaður er flái skal hann ekki brattari en 1:2,5 nema með leyfi byggingarfulltrúa.

5.4 Tjaldsvæði

Heimilt er að byggja salernishús og vetrarsalernisaðstöðu. Gert er ráð fyrir að í húsinu geti verið ýmis aðstaða fyrir tjaldgesti og daggesti s.s snyrtingar, þurrkaðstaða ofl.

- ▶ Sköpuð skal aðstaða til tjöldunar inn að hraunkanti. Gert er ráð fyrir að mótað verði flatir ca 500 -750 m² fyrir ca. 10-15 tjöld. Auk þess verði sköpuð aðstaða fyrir 5-10 húsbíla upp með slóðanum vestan Bæjarfells.
- ▶ Hönnun tjaldaðstöðu skal taka mið að þörfum hreyfihamlaðra þar sem landslag og náttúra leyfir. Gert er ráð fyrir að stígar og dvalarsvæði verði hellulagðir eða malbikaðir.

5.5 Samgöngur

5.5.1 Gatnakerfi

Aðkoma að Reykjanesvita er frá Reykjanesvitavegi nr. 443. Reykjanesvitavegur er tengivegur og er veghelgun 30 m. Ekki er gert ráð fyrir byggingum leiðslum, skiltum eða öðrum mannvirkum innan veghelgunarsvæði nema með leyfi Vegagerðar.

5.5.2 Aðkomuvegur að vita

Gert er ráð fyrir að aðkomuleið að vita vegna þjónustu og viðhalds vitans. Gengið verði frá vegjöðrum og köntum til að hindra vatnsrof út í jaðarsvæði.

Kvöð er um aðkomuleið í gegnum tún að vitanum sem stendur á svo kölluðu Austursnefi.

5.5.3 Reiðleiðir

Í samræmi við stefnu í aðalskipulagi er gert ráð fyrir reiðleið frá Höfnum að Reykjanesvita.

5.5.4 Hjólaleiðir

Gert er ráð fyrir hjólaleið á núverandi vegum.

5.5.5 Gönguleiðir

Gönguleiðir eru innan skipulagssvæðis og má sjá á skipulagsuppdrætti. Alla göngustíga þarf að fella að landi og leggja þá þannig að ásýnd þeirra raski ekki ásýnd svæðisins. Göngubrýr, pallar og tröppur þarf að aðlaga að landinu og velja byggingarefni með tilliti til endingar og öryggis.

Gert er ráð fyrir að gönguleið út á bergið við Kirkjuvogsbás og um svæðið verði fær öllum og hönnun gerð þannig að hugað verði að aðgengi fyrir alla. Undantekning er gönguleiðin upp á Valahnúk, niður að Draugahelli og núverandi tröppustígur að vita.

Gert er ráð fyrir að út frá þjónustumiðstöð verði merktar gönguleiðir að Gunnhver, Reykjanesvita og stærri hringleiðir s.s. að litla vitanum á Austursnefi og inn á 100 gíga leiðina.



5.6 Bílastæði

Gert er ráð fyrir nýju bílastæði þar sem fjöldi og fyrirkomulag bílastæða taki mið af áætlaðri þörf. Forsendur fyrir útreikningi á bílastæðaþörf á svæðinu er út frá talningu bíla sumarið 2015, og út frá reynslutölum skipulagsfulltrúa. Staðsetning bílastæðis er valin suðvestan við Bæjarfell í jaðri hraunsvæðis og gert er ráð fyrir að aðkomuvegur fram á bergið verði lokað allri almennri bílaumferð.

- ▶ Gert er ráð fyrir að brjóta upp bílafleti með hraunhleðslum og köntum til rýmismyndunar.
- ▶ Á bílastæði og aðkomusvæði skal vanda frágang á jöðrum bílastæða og ógrónum vegfláum í sátt við umhverfið.
- ▶ Sem hluta bílastæðis skal jafnframt gera ráð fyrir hjólastæðum.
- ▶ Deiliskipulagsuppdráttur sýnir 25 stæði fyrir einkabíla, 2 sérmerkt fyrir hreyfihamlaða og 6 rútustæði. Gert er ráð fyrir mögulegri stækkun á bílastæði.

5.7 Skilti

Við útmörk svæðis er leyfilegt að setja upp skilti þar sem kynnt er starfsemi innan svæðis. Stærð skilta skal vera í samræmi við merkingar Reykjanes Geopark.

Gert er ráð fyrir að við gönguleiðir verði sett upp merkingar og upplýsingaskilti um vegalengdir og erfiðleikastig gönguleiða. Upplýsingaskilti skulu vera um fallhættu og hraungjótur á svæðinu.

5.8 Veitur

5.8.1 Vatn

Vegna fyrirhugaðra þjónustubyggingar er þörf á köldu vatni. Engin vatnsveita er á vitasvæðinu í dag. Vatnsveita er á virkjunarsvæðinu. Vatnsveitan fær vatn frá brunnsvæði við Sýrfell.

Kannað verður hagkvæmni þess að tengjast þeirri veitu eða hvort borað verði eftir köldu vatni í nánd við þjónustubyggingu.

Engin hitaveita er á svæðinu, hvorki á vita- né virkjunarsvæði. Tilraunir hafa staðið yfir til að skoða möguleika á því að stofna hitaveitu en enn hefur ekkert verið ákveðið í þeim efnum.

5.8.2 Rafmagn

Það er rafmagnsdreifikerfi að Reykjanesvita. Þangað liggur 11 kV lína frá virkjunarsvæðinu og endar hún N-V við vitavarðarhúsið ca. 50 m frá húsinu. Þar er spennistöð fyrir heimtaug í vitavarðarhúsið og vitann.

- ▶ Gert er ráð fyrir stofnstreng að þjónustusvæðinu.
- ▶ Gert er ráð fyrir endurnýjun línunnar með kapallögn frá virkjunarsvæðinu.

5.8.3 Fráveita

Gert er ráð fyrir að rotþró verði komið fyrir innan byggingarreits í nágrenni við fyrirhugaðar byggingar. Rotþróin og lagnir frá henni skulu vera í samræmi við tækni og búnaðurinn vera mengunarlaus með öllu. Aðgengi að rotþró skal vera auðvelt til tæmingar og til eftirlits.

5.8.4 Sorpgeymslur og sorpgámar

Sorpgeymslur skulu almennt vera í samræmi við byggingarreglugerð í hverju tilviki.



6 Kvaðir og verndaraðgerðir

6.1 Hverfisverndarsvæði (takmarkanir á landnotkun)

Forðast skal óþarfa rask á hraunmyndunum og öll mannvirkjagerð beint á afmörkuð svæði þannig að ekki komi til óþarfa rask.

Innan hverfisverndarsvæðis og svæðis á náttúruminjaskrá eru sett fram eftirfarandi ákvæði við frekari uppbyggingu svæðisins

1. Gönguleiðir skulu skipulagðar og stikaðar með í huga að auka þolmörk svæðis.
2. Mannvirkjagerð skal halda í lágmarki og þess gætt að hún leiði til litillar röskunar á lífríki og landslagi.
3. Heimilt er að reisa brýr, palla, útsýnisstaði, hvíldabekki og nestisstaði, girðingar og öryggislokanir og annað sem bætir aðgengi og öryggi göngumanna á svæðinu. Öll uppbygging gönguleiða skal gera í samráði við Reykjanes Geopark.
4. Gert er ráð fyrir að raskað svæði á bergbrúninni og aðkomuvegur verði lagfært og leitað lausnar við frágang þannig að svipmót lands falli að aðliggjandi landi.

Skilgreind eru ákveðin svæði fornminja í deiliskipulagi. Gert er ráð fyrir að núverandi rústir verði í engu spilltar og að mannvirkjagerð verði takmörkuð innan 20 metra frá skráðum minjum. Horfa skal til þess að fyrst og fremst verði framkvæmdum beint að hraunum sem er sandborin næst núverandi aðkomuvegi.

6.2 Reykjanesviti og nágrenni

Vitinn og umhverfi innan 100 m radíus frá vita er friðað.

Gert er ráð fyrir nauðsynlegum lagfæringum á aðkomuleið að vitanum þannig að gengið verði frá jöðrum leiðarinnar og komið í veg fyrir frekara rof og skemmdir á aðliggjandi gróðurlendi. Gert er ráð fyrir að aðkomuleið verði einungis opin til reglubundinna viðhaldsframkvæmda vitans.

Friðun nær til tröppu frá vitavarðarhúsi. Gert er ráð fyrir að gönguleiðir verði opnar almenningi. Gert er ráð fyrir að miðlað verði upplýsingum um sögu vitans og að umhverfi endurspegli sögu reksturs vitans og búsetu á svæðinu.

6.3 Verndarsvæði fornminja

Gert er ráð fyrir fræðslu um viðkvæmar rústir og minjar. Til að auka þolmörk svæðis verði gert ráð fyrir uppbyggingu gönguleiða um minjasvæði. Við skipulag gönguleiða skal allri mannvirkjagerð s.s. tröppur, allar, merkingar þannig fyrirkomið að ekki skyggi sjónrænt á rústir og menningarminjar.

Ný mannvirki skulu falli sem best að svipmóti lands.

Þar sem við á er nauðsynlegt að stöðva útbreiðslu lúpínu til að koma í veg fyrir að rústir og minjar hverfi í gróður.

6.4 Nálægð við atvinnurekstur

Sækja þarf um starfsleyfi til reksturs þjónustumiðstöðvar til Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja (HES). Vatnsveita er háð starfsleyfi HES skv. matvælalögum nr. 93/1995. Fráveita er háð samþykki HES.

7 Samráð við hagsmunaaðila

Við gerð tillögu deiliskipulags hefur verið rýnt í gildi svæðisins. Í samráðshóp sem unnið hefur að gerð tillögunnar eru: Eggert Sólberg Jónsson framkvæmdastjóri Reykjanes Geopark, Guðlaugur H Sigurjónsson sviðsstjóri Umhverfissviðs og Fríða Björg Eðvarðsdóttir landslagsarkitekt.



Að deiliskipulagsvinnu hafa komið Gréta Hlín Sveinsdóttir, Sigríður Droplaug Jónsdóttir, Stefán Gunnar Thors og Fríða Björg Eðvarðsdóttir.

Leitað hefur verið eftir hugmyndum og samráði við:

- ▶ Reykjanes Geopark
- ▶ Bæjarstjórn Reykjanesbæjar
- ▶ Sveinn Númi Vilhjálmsson Skipulagsfulltrúi
- ▶ Ásbjörn Blöndal framkvæmdastjóri þróunarsviðs HS Orku
- ▶ Guðmundur Lúther Hafsteinsson safnvörður húsasafns
- ▶ Kristín S. Jónsdóttir Umhverfissrofnun
- ▶ Sigurður Áss Grétarsson framkvæmdastjóri Vegagerðar
- ▶ Bjarni F. Jónsson fornleifafræðingur



Deiliskipulag Reykjanes og nágrennis Umhverfismat

Umhverfisskýrsla
Nóvember 2015

þekkingarleit -ar kvk 1

1 að afla sér kunnáttu, það að

vilja vita e-ð, efla skilning á e-u

að fylla á viskubrunnin

þekkingarþorsti, þekkingarþra

fróðleiksást, fróðleiksfýsn, námfýsi

árangur *árangurs, (árangrar)* kvk 1 ávöxtur,

niðurstaða, það sem leiðir af einhverju > haf

(bera, gefa) góðan árangur • afrek > *árangur*

áhrifum 2 / árferði **virðing** -ar, -ar kvk 1 mat, þa

það að meta til verðs 2 álit, heiður • það að virða > *njót*

virðingar / *sýna e-m virðingu* / *bera virðingu fyrir e-u eð*

for|skot kvk 1 frestur 2 forhlaup, sá munur sem keppandi

gætur fram yfir keppinauta sína þegar hann fær t.d. að byrja fy

þegar hann hefur tekist að komast fram úr þeim > *100 metra forskot* / *1*

for|skot / *hafa gott forskot* vera fremstur > *hafa yfirburði* 3 þa



14254

S:\2014\14254\Umhverfisskýrsla\14254_v151102_umhverfisskýrsla.docx

Nóvember 2015

Nr. útg.	Dagsetning	Unnið	Yfirfarið	Samþykkt
1	03.11.2015	SDJ	SGT	SGT



Efnisyfirlit

1	Inngangur	3
1.1	Matskylda	4
2	Matsvinna	4
2.1	Aðferðir og nálgun matsvinnu	4
2.1.1	<i>Vægismat</i>	5
2.2	Umhverfis og áhrifaþættir deiliskipulagsins	5
3	Valkostir	6
4	Niðurstaða matsvinnu	8
4.1	Auðlindir	8
4.1.1	<i>Verndarsvæði og útivistarsvæði</i>	8
4.1.2	<i>Landslag og ásýnd</i>	9
4.2	Náttúrufar	12
4.3	Samfélag	13
5	Framkvæmdir háðar lögum nr. 106/2000	15
6	Tengsl við aðrar áætlanir	15
7	Eftirfylgni og vöktun	15
8	Samantekt	16


1 Inngangur

Í samræmi við stefnu Aðalskipulags Reykjanesbæjar 2008-2024 og áform Reykjanes Jarðvangs var unnið deiliskipulag fyrir Reykjanesvita og nágrenni.


Markmið deiliskipulagsins eru að bæta aðstöðu fyrir þá sem heimsækja svæðið og bjóða upp á þjónustu innan þess, tryggja verndun náttúru og menningarminja og stuðla að góðu aðgengi að svæðinu og fyrirkomulagi bílastæða. Einnig er eitt að meginmarkmiðum skipulagsins að móta skipulag sem tekur til gilda svæðisins.

Skipulagsvinnan er samstarfsverkefni Reykjanesbæjar og Reykjanes Jarðvangs.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 og lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana var gerð grein fyrir áhrifum deiliskipulagsins á umhverfið.



Mynd 1.1 Sveitarfélagsuppdráttur aðalskipulags Reykjanesbæjar 2008-2024 af fyrirhuguðu deiliskipulagssvæði.



Mynd 1.2 Yfirlit yfir deiliskipulagssvæðið.

1.1 Matskylda

Deiliskipulagið fellur undir lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlaða, þar sem hún:

- ▶ Markar stefnu um framkvæmdir sem eru tilkynningaskildar samkvæmt lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Skv. tl. 12.05 í 1. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum eru þjónustumiðstöðvar á verndarsvæðum á láglendi utan þéttbýlis.
- ▶ Er undirbúin eða samþykkt af stjórnvöldum og
- ▶ Unnin samkvæmt lögum

2 Matsvinna

2.1 Aðferðir og nálgun matsvinnu

Umhverfismatið var unnið samhliða skipulagsvinnu þar sem gerð var grein fyrir mögulegum umhverfisáhrifum deiliskipulags. Matsvinnunni var ætlað að upplýsa um möguleg umhverfisáhrif af framkvæmd þess, tryggja að tekið væri tillit til umhverfissjónarmiða við ákvörðun um landnotkun og styrkja umfjöllun um deiliskipulagið.

Við skilgreiningu umhverfisáhrifa var farið yfir leiðarljós, markmið og aðgerðir aðalskipulags Reykjanesbæjar 2008-2024 sem og þau sem sett eru fram í deiliskipulagsvinnu og skilgreint á hvaða hátt þau kunni að hafa áhrif á umhverfið.

Skilgreining umhverfisáhrifa og mat á umfangi þeirra var unnið af ráðgjafa.

2.1.1 Vægismat

Vægiseinkunnir eru í samræmi umhverfisskýrslu aðalskipulags Reykjanessvitar 2008-2024 og eru eftirfarandi:

Tákn	Lýsing
++	Líkleg veruleg jákvæð áhrif
+	Líkleg jákvæð áhrif
0	Engin eða óveruleg áhrif
-	Neikvæð áhrif
--	Líkleg veruleg neikvæð áhrif
?	Óvissa eða óþekkt áhrif

Í matsvinnu voru veruleg neikvæð áhrif skilgreind ef eitt eða fleiri af eftirfarandi atriðum eiga við: Áhrif eru varanleg, skapa hættu fyrir heilbrigði fólks og umhverfið, ná til stórs svæðis og/eða fjölda fólks, gengur gegn stefnumiðum stjórnvalda, lögum og reglum, alþjóðlegum samningum eða öðrum áætlunum sem í gildi eru.

Ef umhverfisáhrif voru talin verða verulega neikvæð eru lagðar til mótvægisaðgerðir eða vöktunaráætlun fyrir viðkomandi umhverfisþátt.

Í tilvikum þar sem óvissa er um áhrif var gerð grein fyrir óvissu og hvort að hún sé háð útfærslu deiliskipulagsins eða á síðari stigum s.s. við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda.

2.2 Umhverfis og áhrifaþættir deiliskipulagsins

Umfjöllun um umhverfisáhrif tillögunnar miðaði að því að fjalla um þá umhverfisþætti sem líklega verða fyrir áhrifum við framkvæmd deiliskipulagsins. Í töflu 2.1 er yfirlit yfir þá þætti sem voru til skoðunar í skipulagsvinnunni.

Tafla 2.1 Yfirlit yfir umhverfisþætti, matsspurningar og viðmið í mati á vægi áhrifa

Umhverfisþættir	Undirþáttur	Matsspurning	Viðmið
Auðlindir	Verndarsvæði og útivistarsvæði	Hefur áætlun áhrif á: Útivistarsvæði? Aðgengi að útivistarsvæðum? Verndarsvæði?	Aðalskipulag Reykjanessvitar 2008-2024 Umhverfisstefna Reykjanessvitar Náttúruminjasrá Náttúruverndaráætlun 2009-2013 Svæðisskipulag Suðurnesja 2008-2024
	Landslag/ásýnd	Hefur áætlun áhrif á: Náttúrulegt landslag? Ásýnd svæðisins?	Aðalskipulag Reykjanessvitar 2008-2024
Náttúrufar	Jarðfærði og jarðmyndanir	Hefur áætlun áhrif á: Viðkvæm svæði? Svæði eða stakar jarðmyndanir með verndargildi?	Umhverfisstefna Reykjanessvitar Stefnumörkun ríkisstjórnar um sjálfbæra þróun til 2020. Lög um náttúruvernd 44/1999 Náttúruverndaráætlun 2009-2013
Samfélag	Menningarminjar	Hefur áætlun áhrif á: Fornminjar? Húsavernd? Búsetu/menningarlandslag?	Lög nr. 80/2012 um menningarminjar. Deiliskráning fornleifa á skipulagssvæði

3 Valkostir

Við mótun skipulagsins snérist umræðan annars vegar um staðsetningu þjónustusvæðis innan skipulagssvæðis og hins vegar staðsetningu og umfang þjónustusvæðis og bílastæðis þegar staðarvalkostur lá fyrir.

Staðsetning þjónustusvæðis innan skipulagssvæðis

Umræða um staðsetningu þjónustusvæðis snérist um þrjá staðarvalkosti (Mynd 3.1).


Valkostur nr. 3- Sunnan við flagghól: Þessi kostur þótti sístur þar sem áhrif staðsetningar hefði haft neikvæð áhrif á gróið land, nálægð við kríuvarp þótti of mikil og margar skráðar minjar og vegghleðslur hefðu verið í hættu. Einnig hefði þurft að ráðast í vegagerð þar sem staðsetningin liggur fjarri aðkomuveg (nr. 443) með mögulega neikvæðum áhrifum á náttúrufar og verndar- og útivistarsvæði. Einnig lágu hagnýtar ástæður fyrir valinu, en Reykjanesbær er ekki með samning um afnot af því landi sem að valkostur 3 tók til og breyta hefði þurft aðalskipulagi.

Valkostur nr. 2 – Sunnan aðkomuvegar: Þessi kostur miðaði að því að þjónustusvæði yrði staðsett sunnan við aðkomuveg, um miðja vegu milli Bæjarhóls og bergsins við Kirkjubólshöfn. Horft var meðal annars til áhrifa staðsetningarinnar á sjónlínur helstu útsýnisstaða. Þegar litið var til útsýnisstaðanna Valahnúks, Bæjarfells og síðan megin aðkomu að svæðinu (vegur nr. 442) þá leiddi skipulagsvinnan í ljós að áhrif þessarar staðsetningar væri of neikvæð á umhverfisþættina ásýnd og landslag og hefði einnig neikvæð áhrif á sjónlínur helstu útsýnisstaðanna og þar með upplifun ferðamanna af svæðinu. Einnig þótti þessi staðsetning henta síður með tilliti til staðsetninga gönguleiða á svæðinu.

Valkostur nr. 1 – Norðvestan við Bæjarfell: Valkostur 1 miðaði að því að þjónustusvæðið yrði staðsett norðan við aðkomuveg og vestan við Bæjarfell. Svæðið liggur við rætur Bæjarfells. Þessi valkostur þótti ákjósanlegastur af þeim sem til umfjöllunar voru við skipulagsvinnuna. Þegar litið er til áhrifa hennar á sjónlínur helstu útsýnisstaða þá er hún ekki eins áberandi og valkostur 2 þegar komið er um aðkomuveg (nr. 443). Einnig sker staðsetningin sig ekki eins mikið úr landslagi og valkostur 2 þegar horft er frá Valahnúk að Bæjarfelli, né þegar horft er af Bæjarfelli að Valahnúk eða út á bergið. Einnig þótti þessi staðsetning henta vel með tilliti til staðsetninga gönguleiða á svæðinu.

Niðurstaða skipulagsvinnunnar leiddi í ljós að valkostur 1 þótti ákjósanlegastur út frá umhverfisáhrifum sem og hagnýtum ástæðum (m.a. staðsetningu gönguleiða).


Mótun deiliskipulagstillögu- staðsetning þjónustusvæðis




Mynd 3.1 Staðarvalkostir varðandi staðsetningu þjónustumiðstöð.

Staðsetningu og umfang þjónustumiðstöðvar og bílastæðis

Umræða um staðsetningu og umfang þjónustumiðstöðvar snérist um tvo valkostir, tillögu A og tillögu B (Mynd 3.2 og Mynd 3.3.).




Mynd 3.2 Tillaga A - Minni umsvif.



Mynd 3.3 Tillaga B - Mikil umsvif

Í umfjöllun um staðsetningu og umfang þjónustumiðstöðvar var litið til þess hvaða áhrif fyrirhuguð breyting kynni að hafa á ásýnd svæðisins meðal annars þegar horft er frá Valahnúk í átt að Reykjanessvita. Einnig var horft til þess hvernig staðsetning og umfang svæðisins kynni að hafa áhrif á ásýnd og upplifun þeirra sem koma að svæðinu úr austri.

Niðurstaða skipulagsvinnunnar leiddi í ljós útfærslu á tillögu A og B þar sem bílastæði vestan við aðkomuveg er fellt út og staðsetning þjónustumiðstöðvar færir nær aðkomuvegi (Mynd 3.4).



Mynd 3.4 Skipulagstillaga

4 Niðurstaða matsvinnu

Í aðalskipulagi Reykjanesbæjar 2008-2024 er gert ráð fyrir uppbyggingu þjónustusvæðis í nágrenni Reykjanesvita og Valahnúks sbr. kafla 1.1.2 í greinargerð aðalskipulagsins.

Meginmarkmið með deiliskipulaginu er að tryggja gott aðgengi að náttúruperlunni við Reykjanesvita sem og að koma á fót móttöku og miðstöð fyrir ferðamenn á svæðinu. Í greinargerð skipulagsins kemur fram að áhersla sé á að stuðla að því að Reykjanesviti og nágrenni verði miðstöð ferðamannastaða á Reykjanesi.

4.1 Auðlindir

4.1.1 Verndarsvæði og útvistarsvæði

Skipulagssvæðið er á náttúruminjaskrá og er hluti svæðis nr. 106 vegna stórbrotinnar jarðfræði og fuglalífs. Samkvæmt Náttúruverndaráætlun 2004-2008 er stefnt að því að gera svæðið **Eldvörp, Reykjanes, Hafnaberg** að friðlandi. Þetta svæði hefur ekki verið friðlýst og ekki liggur fyrir hvort eða hvenær það gangi eftir. Samkvæmt tillögu að þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009-2013 skal áfram unnið að friðlýsingu svæða sem eru á fyrri náttúruverndaráætlun. Svæðið Eldvörp, Reykjanes, Hafnaberg er jafnframt flokkað sem svæði þar sem ekki er talið að friðlýsing nái fram að ganga að svo stöddu.

Strandlengjan er hverfisvernduð samkvæmt aðalskipulagi Reykjanesbæjar 2008-2024, en þar kemur meðal annars fram að í skilmálum aðalskipulagsins varðandi hverfisverndarsvæði að ekki sé gert ráð fyrir byggð eða öðrum mannvirkjum á hverfisverndarsvæðum á Reykjanesi (kafla 1.2.3). Í svæðisskipulagi Suðurnesja 2008-

2024 kemur fram að sveitarfélög skuli stefna að því að vernda strandlengju utan þéttbýlis. Ef ráðast á í framkvæmdir skal taka tillit til þeirra nota sem strandlengjan hefur á viðkomandi stað s.s. vistkerfi, útivist og minjar.

Skipulagssvæðið er innan Reykjanes Jarðvangs og liggja gönguleiðir víða um svæðið.

Með deiliskipulagi Reykjanesvita og nágrennis er miðað að því að styrkja þá vernd sem til staðar er á svæðinu meðal annars með skilmálum varðandi landnotkun, stýringu ferðamanna um svæðið og uppbyggingu göngu-, og reiðleiða.

Umhverfisáhrif

Sú breyting sem framkvæmd deiliskipulagsins mun hafa í för með sér á verndarsvæði og útivistarsvæði eru metin óveruleg til jákvæð.

Gera má ráð fyrir að með bættu aðgengi að svæðinu og tilkomu þjónustumiðstöðvar muni ásókn að svæðinu aukast. Með aukinni umferð ferðamanna og útivistarfólks aukast líkur á raski á jarðminjum sem njóta verndar skv. 37. gr. náttúruverndarlaga nr. 44/1999 og álag eykst á lífríki. Til að draga úr þessum neikvæðu áhrifum er gert ráð fyrir að upplýsa ferðamenn og útivistarfólk um verndargildi svæðisins, settar verða fram umgengnisreglur og umferð stýrt um svæðið með stígagerð í samræmi við 70. gr. náttúruverndarlaga. Á heildina litið eru áhrif af framkvæmd deiliskipulagsins á verndarsvæði því metin óveruleg þar sem einkenni umhverfisþáttar breytist lítið, eru staðbundin og eru ekki talin rýra verndargildi hans. Skilmálar og verndaraðgerðir sem tiltekna eru í deiliskipulagi miða að því að draga sem mest úr áhrifum uppbyggingar á verndarsvæði.

Þegar litið er til útivistarsvæða eru áhrifin metin jákvæð þar sem gert er ráð fyrir bættu aðgengi að náttúruvernum á svæðinu, uppbyggingu göngustíga, bættum merkingum um áhugaverða staði, rústir og minjar á svæðinu. Slíkar aðgerðir eru til þess fallnar að auka gildi svæðisins sem útivistarsvæði með menningarsögulega tengingu.

Tafla 4.1 Verndar- og útivistarsvæði - umhverfisáhrif

Umhverfisþáttur	Áhrifamat		Skýring
Verndarsvæði og útivistarsvæði	Óveruleg (0)	Jákvæð (+)	Skilmálar og verndaraðgerðir, aðgerðir sem miða að því að draga úr ágangi ferðamanna og auka þölmörk svæðisins. Uppbygging göngustíga, bættar merkingar og betra aðgengi að náttúruvernum er líklegt til að hafa jákvæð áhrif á útivistarsvæði.

4.1.2 Landslag og ásjúnd

Reykjanesviti er þekkt kennileiti á svæðinu og stendur upp á Bæjarfelli. Þar fyrir neðan breiðir úr sér úfið og sandborið hraun. Upp úr hrauninu stendur síðan Valahnúkur við klettótta strönd. Land er opið og óbyggt þar sem Atlantshafið mætir þverhníptum hamravegg. Útsýni er margbrotið með móbergsdrangana Karl og Eldey út við sjónarrönd, oft mikið sjónarspil í birtu og ölduróti. Bílastæði er staðsett á berginu við Kirkjuvogsbás.



Mynd 4.1 Núverandi ásjúnd skipulagssvæðis. Horft í vestur í átt að Valahnúk.



Mynd 4.2 Núverandi ásjúnd skipulagssvæðis. Horft í norður í átt að Bæjarfelli.



Mynd 4.3 Núverandi ásjúnd svæðisins, horft frá fyrirhuguðu tjaldsvæði til austurs í átt að aðkomuvegi

Breyting á landnotkun mun hafa verulegar breytingar á landslag og ásjúnd skipulagssvæðisins í för með sér þar sem gert er ráð fyrir að þjónustubýgging rísi ásamt bílastæðum og tjaldsvæði á lítt röskuðu hrauni. Gert er ráð fyrir að núverandi bílastæði á berginu við Kirkjuvogsbás verði aflagt.

Umhverfisáhrif

Sú breyting sem framkvæmd deiliskipulagsins mun hafa í för með sér á ásjúnd og landslag er metin neikvæð, þar sem einkenni umhverfisþáttar breytist með tilkomu þjónustubýggingar og bílastæða. Áhrifin eru talin rýra að einhverju leyti verndargildi svæðisins en það er á náttúruminjasrá (nr. 106) og hverfisverndað samkvæmt aðalskipulagi Reykjanesbæjar 2008-2024. Áhrifin eru metin óafturkræf og til langs tíma.

Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir að núverandi bílastæði verði aflagt á berginu við Kirkjuvogsbás sem og að umferð vélknúinna ökutækja þangað verði lokað. Gera má ráð fyrir að slíkt eigi eftir að stuðla að jákvæðri upplifun á landslagi og ásjúnd svæðisins, sérstaklega á berginu við Kirkjuvogsbás.

Tafla 4.2 Landslag og ásjúnd - umhverfisáhrif.

Umhverfisþáttur	Áhrifamat	Skýring
Landslag/Ásjúnd	Neikvæð (-)	Þjónustubýgging og bílastæði á áður lítt röskuðu svæði í opnu landslagi.

Mótvægisáðgerðir

Skilmálar deiliskipulags varðandi byggingar miða meðal annars að því að draga úr neikvæðum áhrifum þeirra á landslag og ásýnd.

Í greinargerð deiliskipulagsins (kafla 5.2) segir meðal annars:

- ▶ Mannvirki skal fella vel að landslagi og ásýnd svæðis og huga að byggingarefnum.
- ▶ Byggingar skulu þannig útfærðar að þar sé aðgengi gott og hönnun mannvirkja og alrýma opið og án hindrana.
- ▶ Gert er ráð fyrir að bygging verði á einni hæð, hluti byggingar geti verið niðurgrafinn og þannig að nýta megi þak og vegg sem útisvæði. Mesta leyfilega mænishæð frá gólfi er 6 m en þó er leyfilegt að einstaka byggingarhlutar rísi hærra.
- ▶ Heildarbyggingarmagn þjónustubyggingar verður allt að 400 m².
- ▶ Heimilt er að reisa þjónustu- og salernisbyggingu í sér húsi sem tengist tjaldaðstöðu. Samræma skal útlit bygginga og vanda skal allan frágangur

Ennfremur er lögð áhersla á í umhverfismati deiliskipulagsins að vanda efnisval þannig að byggingar skeri sig sem minnst úr umhverfinu. Bent er á að í opnu landslagi eins og einkennir skipulagssvæðið er mikilvægt að hafa í huga endurkast sólarljóss af byggingarefnum eins og t.d. gleri. Einnig verði hugað að samræmi við nánasta umhverfi í efnisvali við gerð bílastæða.

4.2 Náttúrufar

Náttúrufar á svæðinu einkennist af hrauni (Yngra-Stampahraun) sem telst til nútímahrauna, túnum og tjörnum. Vestast á svæðinu við ströndina rís Valahnúkur sem er myndaður úr bólstrabergi, brotabergi og móbergi. Austast stendur Bæjarfell, lítt rofið móbergsfell, þar sem Reykjanesviti stendur. Reykjaneshryggurinn gengur á land sunnan við Valahnúk.



Mynd 4.4 Landslagsgreining af deiliskipulagssvæði.

Framkvæmd deiliskipulagsins mun hafa óverulegar breytingar á náttúrufari í för með sér. Megin breytingin er þar sem gert er ráð fyrir að þjónustubygging rísi ásamt bílastæðum og tjaldsvæði á lítt röskuðu hrauni. Gert er ráð fyrir að ráðist verði í stöðva útbreiðslu

lúpínu, fyrst og fremst til að koma í veg fyrir að rústir og minjar hverfi undir lúpínubreiður. Slík aðgerð er einnig líkleg til að hafa jákvæð áhrif á náttúrufar, en lúpína telst til framandi ágengra tegundar sem stuðlar að einhæfu gróðursamfélagi.

Umhverfisáhrif

Sú breyting sem framkvæmd deiliskipulagsins mun hafa í för með sér á náttúrufar er metin óveruleg, þar sem einkenni umhverfisþáttar breytist lítið. Röskun á náttúrufari er staðbundin og bundin við það svæði þar sem þjónustumiðstöð mun rísa ásamt bílastæðum. Þar mun nútímahraun raskast.

Með uppbyggingu þjónustumiðstöðvar og aðstöðu fyrir ferðamenn og útivistarfólk má gera ráð fyrir aukinni aðsókn á svæðið. Svæðið er viðkvæmt fyrir átroðningi. Til að draga verulega úr þessum neikvæðu áhrifum er gert ráð fyrir uppbyggingu gönguleiðar út á bergið við Kirkjuvogsbás sem og að merkja þekktar gönguleiðir á svæðinu. Með þessu móti er stuðlað að því að stýra umferð gangandi um skilgreindar gönguleiðir og draga þannig verulega úr ágangi utan þeirra.

Tafla 4.3 Náttúrufar - umhverfisáhrif

Umhverfisþáttur	Áhrifamat	Skýring
Náttúrufar	Óveruleg (0)	Röskun á nútímahrauni, aukin stýring ferðamanna og útivistarfólks um svæðið.

4.3

Samfélag

Í tengslum við gerð aðalskipulags Reykjanesbæjar voru 32 fornleifar skráðar, engar friðlýstar fornminjar eru að finna í landi Reykjaness. Þá er Reykjanesviti friðaður samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga um húsafriðun nr. 104/2001.

„Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri,“ (3. mgr. 3. gr. laga um menningarminjar).


Samkvæmt 16. gr. þessara laga skal skrá fornleifar, hús og mannvirki áður en gengið er frá skipulagi.

Í 21. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 segir enn fremur:

„Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Í tengslum við deiliskipulag Reykjanesvita og nágrennis fór fram deiliskráning fornleifa (Fornleifafræðistofan, 2015). Í deiliskráningu þarf fornleifafræðingur að geta fullvissað sig um að allar fornleifar á afmörkuðu svæði hafi verið færðar á skrá.

Skráðar voru 13 fornleifar/minjar og eru helstu minjarnar á svæðinu utan við könnunar svæði fornleifa. 11 fornleifar eru taldar í hættu vegna vegagerðar (heflun eða aðrar lagfæringar á vegi út að ströndinni), ábúðar og/eða umferðar (manna og véla). Flestar minjanna eru taldar hafa lítið minja- og varðveislugildi. Deiliskráning fornleifa leiddi í ljós að engar fornminjar eru taldar í hæsta minja- né varðveisluflokki.



Mynd 4.5 Könnunarsvæði fornleifa og númer forleifa.

Tafla 4.4 Tafla yfir skráðar fornleifar á könnunarsvæði vegna deiliskipulags Reykjanesvita og nágrennis.

Nr. forleifar	Tegund	Hættumat	Hætta	Friðlýst	Mótvægisáðgerð
52:1	Túngarður	Umferð	Talsverð	Nei	Rannsókn
52:2	Rúst	Ábúð	Talsverð	Nei	Engar
52:3	Gerði	Vegagerð	Lítið	Nei	Þversnið
52:5	Gata	Umferð	Lítill	Nei	Þversnið
52:6	Gerði	Vegagerð	Talsverð	Nei	Hreinsa hlið
52:29.	Gata	Vegagerð	Lítill	Nei	Þversnið
52:30	Gerði	Vegagerð	Lítill	Nei	Kann undir
52:33	Garður	Vegagerð	Mikil	Nei	Þversnið
52:34	Hleðslur	Umferð	Lítill	Nei	Rannsókn
52:35	Garður	Ekkert	Engin	Nei	Þversnið
52:36	Rúst	Ekkert	Engin	Nei	Rannsókn
52:37	Gata	Umferð	Lítill	Nei	Þversnið
52:38	Stígur	Umferð	Lítill	Nei	Engar

Í skýrslu Fornleifafræðistofunnar (2015) er bent á að varast beri að nýta svæðin í kringum fornleifar sem geymslustaði eða brautir fyrir vélar og tæki, eða efnisgeymslur nema leyfi Minjastofnunnar liggja fyrir.

Í skýrslu Fornleifafræðistofnunnar (2015) eru lagðar til mótvægisáðgerðir ef að við framfylgd skipulagsins verði ekki hægt að tryggja öryggi fornleifa eða þær þarf að fjarlægja vegna fyrirhugaðra framkvæmda (Tafla 4.4). Hafa þar í huga að leita þarf leyfis Minjastofnunnar Íslands ef að raska/fjarlægja þarf fornleif í tengslum við framkvæmd deiliskipulagsins.

Gert er ráð fyrir fræðslu um minjar og rústir og uppbyggingu gönguleiða um minjasvæðið. Með því móti er reynt að draga úr átroðningi og auka um leið þolmörk svæðisins gagnvart auknum fjölda ferðamanna og útivistarfólks, með jákvæðum áhrifum á fornleifar og aðrar minjar á svæðinu.

Tafla 4.5 Samfélag- umhverfisáhrif

Umhverfisþáttur	Áhrifamat	Skýring
Samfélag	Óveruleg (0)	Engin/óveruleg áhrif

5 Framkvæmdir háðar lögum nr. 106/2000

Fyrirhugað deiliskipulag felur í sér framkvæmd sem er tilkynningarskyld samkvæmt viðauka 2, lið 12, t.l.c í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda, þ.e.:

- Þjónustumiðstöðvar fyrir ferðamenn utan þéttbýlis á verndarsvæðum á láglandi.

6 Tengsl við aðrar áætlanir

Eftirfarandi áætlanir og stefnur voru lagðar til grundvallar við gerð deiliskipulags eða hafðar til hliðsjónar í umhverfismati á deiliskipulagi Reykjanesvita og nágrennis.

Tafla 6.1 Tengsl skipulags við aðrar áætlanir

Áætlun/samningur	Viðfangsefni	Samræmi
Skipulagsáætlanir aðliggjandi sveitarfélaga	Aðalskipulag Grindavíkur 2010-2030 Aðalskipulag Sandgerðisbæjar 2008-2024	Já
Svæðisskipulag Suðurnesja	Svæðisskipulag Suðurnesja 2008-2024	Já
Velferð til framtíðar – Stefnumörkun Íslands til 2020	Tengis markmiðum um vernd lífríkis Íslands	Já
Náttúruminjaskrá	Svæði nr. 106: Reykjanes, Eldvörp og Hafnaberg, Grindavík, Reykjanesbæ	Já
Náttúruverndaráætlun 2009-2013	Eldvörp, Reykjanes og Hafnarberg	Já

7 Eftirfylgni og vöktun

Við umhverfismat deiliskipulags Reykjanesvita og nágrennis krefst ekki sérstakrar eftirfylgni né vöktunar á umhverfisþáttum þar sem skipulagið felur ekki í sér veruleg neikvæð umhverfisáhrif.



8 Samantekt

Framkvæmd deiliskipulags Reykjanesvita og nágrennis miðar að því að mæta aukinni fjölgun ferðamanna á svæðinu. Skipulagið miðar meðal annars að því að draga úr ágangi þeirra um svæðið og auka þolmörk svæðisins með aukinni stýringu ferðamanna og útivistarfólks um svæðið.

Á heildina litið eru áhrif deiliskipulags Reykjanesvita og nágrennis metin óveruleg, neikvæð og jákvæð. Framkvæmd deiliskipulagsins er líkleg til að hafa jákvæð áhrif á útivistarsvæði þar sem uppbygging göngustíga, bættar merkingar og betra aðgengi að náttúruperlum er líklegt til að auka gildi svæðisins sem útivistarsvæði. Einnig er líklegt að uppbygging göngustíga muni draga úr átroðningi kringum minjar og rústir á svæðinu og um leið auka þolmörk svæðisins gagnvart auknum fjölda ferðamanna.

Sé litið til neikvæðra áhrifa þá mun uppbygging þjónustubyggingar, bílastæða og tjaldsvæðis hafa neikvæð áhrif á landslag og ásýnd. Með skilgreindum mótvægisaðgerðum og skilmálum má draga verulega úr þessum áhrifum. Umfang áhrifa fer mikið til eftir því hvernig tekst til við hönnun og efnisval í byggingar og bílastæði.

Framkvæmd deiliskipulags er metin óveruleg á náttúrufar, óhjákvæmileg röskun mun verða á nútíma hrauni en með aukinni stýringu ferðamanna og útivistarfólks um svæðið má draga verulega úr neikvæðum áhrifum þeirra á náttúrufar.